

## Björgvin Guðmundsson, tónskáld

Afhending 2011/90

Björgvin Guðmundsson fæddist 26. apríl 1891 á Rjúpnafelli í Vopnafirði. Hann lést á Akureyri þann 4. janúar 1961. Björgvin ólst upp á Rjúpnafelli, þar sem foreldrar hans hófu búskap árið 1887, en árið 1908 lést faðir hans. Árið 1911 fluttist Björgvin búferlum til Vesturheims, ásamt móður sinni, bræðrum og fóstursystur. Tvær systur hans höfðu þegar flutt vestur haf árið 1903.

Fyrst um sinn bjó fjölskylda Björgvins í Winnipeg en síðar fluttu þau til Vatnabyggðar í Saskatchewan þar sem hann dvaldi næstu 7 ár. Árið 1923 flutti Björgvin aftur til Winnipeg og kvæntist þar Hólmfríði Frímam, sem hafði fæðst í Kanada 1887. Hólmfríður var ættuð úr Þistilfirði. Björgvin og Hólmfríður áttu eina dóttur, Margréti.

Björgvin og Hólmfríður fluttu til London árið 1926, en Björgvin fékk þá inngöngu í Royal College of Music þar sem hann lærði tónsmíðar. Hann útskrifaðist úr náminu árið 1928 og flutti þá aftur til Winnipeg en þar bjuggu hann og fjölskylda hans allt til ársins 1931 þegar þau fluttu til Akureyrar. Björgvin bjó síðan og starfaði á Akureyri allt til dauðadags.

Í Kanada starfaði Björgvin við ýmis tilfallandi störf, svo sem húsasmíðar, húsamálun og landbúnaðarstörf. Í frítíma sínum lagði hann svo stund á tónsmíðar. Frá 1917 starfaði hann einnig við söngstjórn meðal Íslendinga í Winnipeg og Vatnabyggð.

Eftir að Björgvin lauk námi í London starfaði hann við tónlistarkennslu, tónsmíðar, kórstjórn og sem organisti Sambandskirkjunnar. Á þessum árum samdi Björgvin fimm stór kórverk.

Frá 1931, þegar Björgvin flutti með fjölskyldu sína til Akureyrar, starfaði hann sem söngkennari og stofnaði kóra í Menntaskólanum á Akureyri og í Barnaskólanum að ógleymdum Kantötukór Akureyrar. Hann var einnig organisti við Akureyrar kirkju um tíma og tók þátt í starfi Leikfélags Akureyrar. Hann samdi engin fleiri stór tónverk en eftir hann liggur fjöldinn allur af smærri verkum, bæði sönglög og hljóðfæraverk.

Árið 1950 gaf Björgvin út æviminningar sínar á bók sem heitir Minningar.

Afhendingin kom frá Bjarka Sveinssyni. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara. Skjöl frá Björgvin eða tengd honum eru í skjalasafni Kantötukórs Akureyrar.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
21. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>A-Björgvin Guðmundsson</b>			
AA-Björgvin Guðmundsson-almennt		1926 - 1926	
<b>A-Björgvin Guðmundsson</b>			<b>2011 / 90</b>
2011 - AA / 1	1	1926- 1926	Nokkur bréf Björgvins Guðmundssonar tónskálds til Vigfúsar Guttormssonar, skálds í Lundar, Manitoba.